



Þýska 1A05

Námsáætlun, vorönn 2023

Kennarar:

Bernd Hammerschmidt
Sigurður Þórir Þorsteinsson

Netfang/netföng:

bernd.hammerschmidt@borgo.is
sigurdur.thorsteinsson@borgo.is

Lýsing:

Þetta er byrjunaráfangi og er áhersla lögð á að nemendur tileinki sér undirstöðuatriði tungumálsins og fái innsýn í menningu og staðhætti í þýskumælandi löndum.

Farið verður í alls kyns verkefni til að æfa tal (bæði para- og hópverkefni), hlustun, ritun, málfræði og málnotkun. Nemendur byggja upp orðaforða með lestri stuttra texta, læra að kynna sig og aðra, segja frá áhugamálum sínum, fjölskyldu sinni og sínu nánasta umhverfi í einföldu máli í ræðu og riti. Lögð er áhersla á að nemendur þjálfist í sjálfstæðum vinnubrögðum, að þeir tileinki sér árangursríka námstækni og þjálfist í að meta framvindu sína í námi. Heimaverkefni til frekari þjálfunar og undirbúnings.

Frá upphafi er færniþáttunum fjórum, tali, hlustun, lestri og ritun, sinnt jafnhliða. Í byrjun er sérstök áhersla á framburðarkennslu því að mikilvægt er að nemendur temji sér góðan framburð strax í byrjun.

Nemendur æfa að tala og skrifa um sjálfa sig, fjölskyldu sína, vini og nánasta umhverfi. Einnig æfast þeir í samskiptum við ákveðnar aðstæður í daglegu lífi. Nemendur rita einfalda texta sem byggja á orðaforða sem áður hefur komið fyrir í kennslunni. Unnið er með einfalda texta. Markviss uppbygging orðaforða og kennsla í grunnatriðum málfræði fer fram með hliðsjón af markmiðum áfangans. Nemendur fá grunnþjálfun í notkun orðabóka og upplýsingaleitar á netinu. Lögð er áhersla á sjálfstæð vinnubrögð.

Þekking, leikni, hæfni:

Að nemendur ...

- skilji talað mál um kunnugleg efni þegar talað er skýrt
- geti lesið einfalda texta sem innihalda algengan orðaforða sem tengist daglegu lífi og unnið með þá á mismunandi hátt
- geti tekið þátt í einföldum samræðum um efni sem þeir þekkja og sagt á einfaldan hátt frá sjálfum sér, fjölskyldu sinni og atburðum daglegs lífs
- geti skrifað stuttan einfaldan texta um sjálfa sig og sitt nánasta umhverfi
- hafi fræðst um þýskumælandi lönd og fengið innsýn í menningu þeirra
- hafi náð tókum á nokkrum grundvallaratriðum þýskrar málfræði
- hafi tileinkað sér sjálfstæð vinnubrögð t.d. með notkun Internetsins, orðalista og málfræðibókar
- hafi jákvætt viðhorf til þýskunámsins og trú á eigin kunnáttu

Námsgögn:

Netzwerk neu A1 Kursbuch

Netzwerk neu A1 Übungsbuch

Lausblaðamappa fyrir verkefni og glósur - nemendur mæta með möppu í tíma – setja skal verkefni þar inn í jafnóðum.



A-5 stílabók fyrir glósur og ritanir

Námsmat:

50 %* (3 hlutapróf – 10% / 15% / 25 %)

10 %* Munnlegt próf

8 % Orðaforði

8 % Tímaritanir. Ekki er hægt að skila ritunum eftir á – Stuttar ritanir með jöfnu millibili í tímum.

Geymdar í kennslustofunni (Nokkrar yfir önnina).

8 % Hlustanir (4 og 3 bestu gilda)

8 % Lesskilningur (4 og 3 bestu gilda)

8 % Munnleg verkefni (2 verkefni)

Til að standast áfangann þarf að lágmarki að fá einkunnina 4,5 í lokaekunn. **Skylda er að taka öll próf sem eru stjörnumerkt, en þau gilda samanlagt 60%.** Þetta er til að tryggja jafna ástundun alla önnina og að nemendur tileinki sér grunnþætti málsins og geti notað þá til að öðlast nauðsynlega færni og leikni í að beita tungumálinu. **Ekki** er hægt að vinna upp verkefni áfangans í lok annar. Óútskýrð fjarvist á prófi gefur einkunnina 0. Á prófdegi verður að vera búið að skrá veikindi eða leyfi áður en tími hefst til að eiga rétt á endurtekt.

Aðrar mikilvægar upplýsingar

Nemendur verða að **mæta með kennslubækur í tíma**, annars verður þeim vísað úr tíma og fá F. Öll tækjanotkun bönnuð nema kennari taki annað fram.

Nemendur eiga ekki að rápa inn og út úr kennslustund.

Nemendur með **sérþarfir** eru beðnir að tala við kennara strax í fyrsta tíma (veikindi, árekstrar, þátttaka í íþróttum, annað).

Nemendur sem fara í keppnisferðalög þar sem leyfi er veitt af hálfu skólans, verða að láta kennara vita **með góðum fyrirvara. Kennari má ekki gefa leyfi.**

Nemendum ber að fylgjast með tilkynningum á Innu.

Kennari mun setja upplýsingar um yfirferð / próf / verkefni inn á Innu.

Ekki mæta í tíma án þess að hafa kynnt ykkur hvað verður í tímanum hverju sinni.

Mæti nemandi ekki í tíma ber hann ábyrgð á að tileinka sér efnið sem hann missti af.

Upplýsingar verða undir „heimavinna“ á Innu.

Vika	Dags.	Námsþættir ATH: Próf í lesskilningi, hlustun, ritun og orðaforða eru dreifð yfir önnina (40%) og þarf að fylgjast vel með tilkynningum í Innu	Námsmatsþættir
1	5.-6. janúar	Kynning áfangans	
2	9.-13. janúar	Kafli 1	
3	16.-20. janúar	Kafli 1	
4	23.-27. janúar	Kafli 1	
5	30. jan-3. febrúar	Kafli 1 + Kafli 2	1.próf (10%)*
6	6.-10. febrúar	Kafli 2	Skóhlífadagar
7	13.-17. febrúar	Kafli 2	Vörðuvika I
8	20.-23. febrúar	Kafli 2	Vorannarhlé
9	28. febrúar-3. mars	Kafli 3	2. próf(15%) *
10	6.-10. mars	Kafli 3	
11	13.-17. mars	Kafli 3	
12	20.-24. mars	Kafli 4	Vörðuvika II
13	27.-31. mars	Kafli 4	Valdagur
14	3.-11. apríl	PÁSKALEYFI	
15	12.-14. apríl	Kafli 4	
16	17.-21. apríl	Kafli 4	Sumardagurinn fyrsti
17	24.-28. apríl	Kafli 5	3. próf(25%) *
18	1.-5. maí	Kafli 5 Mündliche Prüfung (undirbúningur munnlegt próf*)	Dagur verkalýðsins
19	8.-12. maí	Mündliche Prüfung (munnlegt próf*) 10 %	
20	15.-16. maí	Frágangur	Síðasti kennsludagur/ Varða III

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.